

Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

4. desember 2018 kl. 8:10

Mættir voru:

Áslaug Pálsdóttir, fulltrúi foreldra, Árnína Kristjánsdóttir, fulltrúi foreldra, Þorvar Hafsteinsson, grenndarfulltrúi, María Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri, Lovísa Hannesdóttir, fulltrúi kennara, Theódór Aldar Tómasson, fulltrúi kennara, Alfreð Maríuson, fulltrúi starfsmanna. Ástrós Magna Vilmundardóttir fulltrúi nemenda og Haukur Ingi Hauksson, fulltrúi nemenda. Sóley Þórarinsdóttir fulltrúi nemendaráðs, Laufey Sif Ingólfssdóttir, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Dimmu.

Fundarritari: Sigrún Brynjólfssdóttir deildarstjóri yngra stigs

1. Nemendaráð Vatnsendaskóla

Sóley Þórarinsdóttir greinir frá starfsemi nemendaráðs en nemendaráð gerir dagskrá fyrir veturinn og heldur herbergi Dimmu snyrtilegu. Nemendaráðið er valáfangi og eru 8 nemendur í honum úr öllum árgöngum. Á fyrsta fundi er kosið innbyrðis í hlutverk.

Fyrirspurn frá Þorvari hvort aðrir nemendur séu í sambandi við nemendaráð. Sóley kom inn á að þegar opið er í Dimmu koma nemendur með hugmyndir til nemendaráðsins sem reynir að koma þeim í framkvæmd. Umræður um þetta og óskaði Þorvar eftir að nemendalýðræðinu væri komið betur að, þannig að nemendur geti verið virkir í starfi skólans. Einnig rætt um samráð mætti vera meira milli fulltrúa nemenda í skólaráði og nemendaráðinu og að fulltrúi úr nemendaráðinu sæti í skólaráði. Laufey nefnir að þegar var kosið var um setu í nemendaráði snerist kosningin meira um vinsældir og þeir sem virkilega vildu taka þátt komust ekki að. María tekur undir að við þurfum að finna leiðir til að auka nemendalýðræði og samstarf milli fulltrúa nemenda í skólaráði og nemendaráði.

2. Félagsmiðstöðin Dimma

Laufey greinir frá opnunartíma, opið alla daga frá hádegi til kl. 16 að auki við tvö til þrjú kvöld í viku.

Viðburðir á kvöldin fyrir 8.-10. bekk, opið 1x í viku fyrir 5.-7. bekk frá kl. 17-18.30. 5. bekkur sækir félagsmiðstöðina mjög vel. 10. bekkur heldur reglulega böll á þessum tíma fyrir miðstig í fjáröflun. Laufey nefnir að fjáröflun 10. bekkjar sé á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar til að auka samstarf milli foreldra og starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar Dimmu.

Fyrirspurn frá Áslaugu hvað sé gert á opnunartíma Dimmu og greinir Laufey frá því að ekkert fjármagn sé fyrir miðstig. Þau fari því í leiki með þeim og ef eitthvað er gert sem kostar, t.d. slímgerð, greiða nemendur það.

Í unglingastarfinu er fjármagn. Þar er t.d. verið núna að jólaskeyta, jólaljótupeysukeppni verður og svo eru stelpu og strákakvöld. Oft er líka gott að hafa ekki dagskrá, stundum eru það bestu kvöldin.

Þorvar spyr hver sé munur á dagopnum í Garðabæ og Kópavogi. Laufey nefnir að þar sé ein stór félagsmiðstöð og meira fjármagn. Þorvar talar um hvort klúbbastarf sé til staðar sem er sprottið frá

nemendum eins og t.d ljósmyndaklúbbur. Laufey nefnir að klúbbastarf hafi verið en reynslan sýni að það verði ekki næg þátttaka í þeim.

Þorvar nefnir rafíþróttir, það sé sniðugt og jafnvel hægt að virkja krakka sem eru mikið lokuð inni herberginu. Laufey nefnir að það hafi verið LAN í vetrarfríinu og það hafi verið vel mætt og það verði aftur í vetrarfríinu eftir áramót. Spilaðir eru bannaðir leikir en leyfisbréf foreldra þarf að fylgja með. Hugmyndin með það er að ná til nemenda sem öllu jafna koma ekki í félagsmiðstöðina. Gauti starfsmaður í Dimmu er búinn að kynna sér þetta vel og þau sjá að það eru að myndast vinasambönd milli nemenda sem hafa verið félagslega einangraðir. Fjallað um tölvufíkn og það sé erfitt að vera með boð og bönn, frekar að skapa aðstæður sem nemendur geta sótt í. Áslaug nefnir að það sé mikilvægt að foreldrar standi saman í að setja mörk. Laufey nefnir að þessi hópur er oft sá hópur sem á erfitt með að mynda vinatengsl en í þessu ná þau því. Sóley nefnir að í dag eru snjalltæki samskiptamáti ungmenna.

Alli nefnir að þegar það er hafragrautur þá séu þau ekki í símanum, heldur að tala saman.

Laufey segir að það sé mikilvægt að foreldrar kynni sér vel þau forrit sem börnin eru nota.

Umræða um að heimurinn sé stærri og þau eiga stærra net.

Umræða hvort það sé vettvangur til að halda sambærilega keppni eins og Skrekk í Kópavogi.

Umræða um leiklist og söng í kennslu og hvort sé grundvöllur fyrir slíku. Rætt um vandamálið við að finna starfsmann til að sinna þessu starfi en viljinn er til staðar.

Ósk um að skapa grundvöll til að halda ræðukeppni. Laufey bendir á það sé spurningakeppni milli skóla í Kópavogi.

3. Önnur mál

- **Foreldrarölt:** Gengur ekki nógu vel að fá fólk á foreldrarölt. Ruglingur með hópa, mikilvægt að senda á allan árganginn. María tekur að sér að fara yfir málið með Þorvari.
- **Úlpu að hverfa í skólanum:** Þorvar greinir frá því að mörg tilfelli séu um að úlpum sé stolið í skólanum. María greinir frá atviki fyrir þrem vikum þar sem 3 úlpur hurfu á sama tíma. Megum ekki vera með myndavélar til að fylgjast með vegna persónuverndar. Þorvar greinir frá að SamKóp sé að fara gera úttekt á öryggisatriðum í skólanum.

Fundi slitið kl. 9:30